

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar vegna iðnaðarsvæðis fyrir borholu, Hauganesi.

Skipulagsstofnun staðfesti 14. ágúst 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 sem samþykkt var í bæjarstjórn 16. apríl 2024.

Í breytingunni felst skilgreining á um 0,5 ha iðnaðarsvæði 757-I á Hauganesi vegna áforma um borun eftir jarðsjó fyrir nálæga starfsemi. Hámarksbyggingarmagn er allt að 50 m². Auðkenni á iðnaðarsvæði D er einnig breytt í 756-I.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 14. ágúst 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 29. ágúst 2024